

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Starfsáætlun skólaárið 2018-2019



Snorri Heimisson
Stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts
snorri.heimisson@rvkskolar.is

EFNISYFIRLIT

inngangur.....	2
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár	2
<i>Nemendafjöldi</i>	2
<i>Dreifing milli Kynja.....</i>	3
<i>Dreifing milli hverfa árbæjar og Breiðholts.....</i>	3
<i>Dreifing nemenda eftir Hljóðfærum.....</i>	4
<i>Kennarar og stjórnendur.....</i>	4
aðstaða – til kennslu og hljómsveitaræfinga.....	5
<i>Mótun húsnæðisstefnu.....</i>	5
Kennsluhættir	6
<i>Hljóðfærakennsla.....</i>	6
<i>tónfræði.....</i>	6
<i>foreldrasamstarf.....</i>	6
<i>foreldraviðtöl.....</i>	6
helstu viðburðir ársins.....	7
<i>tónleikahald og spilamennskur.....</i>	7
<i>50 ára afmæli sáb 1968-2018.....</i>	7
<i>Æfingabúðir.....</i>	8
<i>Utanlandsferðir.....</i>	9
<i>biðlisti</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>skóladagatal</i>	10
<i>Áherslur í starfsáætlun sfs sem skólahljómsveitin vinnur að.....</i>	10
<i>annað.....</i>	11
<i>mat á námsárangri.....</i>	11
<i>endurmenntun.....</i>	11
Lokaorð.....	12

INNGANGUR

Skrifstofa Skóla- og frístundaráðs óskar eftir starfsáætlunum skólahljómsveita í Reykjavík fyrir skólaárið 2018-2019. Tilgangur starfsáætlunar er að gera þróun starfsins markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf skólahljómsveitarinnar hefur gengið á skólaárinu og hvernig verði unnið að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Þegar þessi áætlun er gerð er komið fram í byrjun nóvember og er því búið að framkvæma hluta af því sem nefnt er hér.

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR


NEMENDAFJÖLDI

Heildarfjöldi nemenda hjá Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts eru 132 haustið 2018. Þeir koma úr 9 skólum í Árbæ og Breiðholti auk fjögurra annarra skóla í Reykjavík. 5 nemendur sem hafa flutt úr hverfinu yfir í önnur hverfi halda sínu plássi í hljómsveitinni. Við þetta bætast 5 nemendur úr menntaskóla sem hafa fengið að halda áfram í ½ námi hjá hljómsveitinni. Nemendur skiptast niður á skóla eins og myndin sýnir:



DREIFING MILLI KYNJA

Haustið 2018 eru piltar 44 talsins og stúlka eru 88.



DREIFING MILLI HVERFA ÁRBÆJAR OG BREIÐHOLTS


Nemendur dreifast niður á hverfi á eftirfarandi hátt.

Póstnúmer 109, neðra Breiðholt og Seljahverfi: 62 nemendur

Póstnúmer 110, Árbær og Norðlingaholt: 53 nemendur


Póstnúmer 111, efra Breiðholt: 12 nemendur

Önnur hverfi: 5 nemendur




DREIFING NEMENDA EFTIR HLJÓÐFÆRUM

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts kennir á öll hefðbundin tré- og málmlásturshljóðfæri auk rafbassa og slagverks. Hljóðfærin dreifast eins og myndin sýnir:



KENNARAR OG STJÓRNENDUR

Kennarar í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts eru tólf talsins auk stjórnanda. Stjórnandi er með aðstöðu í Breiðholtsskóla þar sem hann er með nýuppgerða skrifstofu sem áður var aðstaða hjúkrunarfræðings. Að auki er hljómsveitin með 4 fastar kennslustofur á heimastöðinni sem eru sérhannaðar fyrir hljómsveitina. Hljómsveitaræfingar fara fram í hátíðarsal skólans. Kennt er í 9 skólum í hverfum Árbæjar, Breiðholts og Norðlingaholti. Haustið 2017 var ráðinn aðstoðarstjórnandi sem tók að sér að stjórna B-sveitinni. Það þótt takast afar vel. Álagið á aðalstjórnanda minnkaði til muna og að auki þótti gott að geta ráðfært sig við einhvern um starfið. Það var því ákveðið að halda áfram með þessa tilraun.



AÐSTAÐA – TIL KENNSLU OG HLJÓMSVEITARÆFINGA

Aðstaðan í skólunum er mjög misjöfn, sumstaðar til fyrirmyndar en á öðrum stöðum óásættanleg og væri óskandi ef það yrði ráðin bót á þeim málum í mjög náinni framtíð. Mikil breyting varða á heimastöð SÁB síðastliðið haust, en vatn flæddi inn í Breiðholtsskóla nokkrum sinnum síðasta vetur. Það hafði þær afleiðingar í för með sér að gólf og veggir skemmdust. Í kjölfarið af þessu var farið í endurskipulagningu á húsnæðinu. Hjúkrunarfræðingur skólans var færður og hennar aðstaða varð skrifstofa stjórnanda. Þetta gerði það að verkum að SÁB fékk eitt aukarými til kennslu (gömlu skrifstofu stjórnanda). Gólfdukar eru nýir, veggir nýmálaðir og allt lítur mun betur út. Auk þess fékk slagverkskennari SÁB aðstöðu í útihúsi á skólalóðinni. Hann hafði áður verið niðri í kjallara Breiðholtsskóla í mjög óásættanlegu rými. Útihúsið var gert upp og hannað sem slagverkstofa eftir bestu getu. Það er áhugavert að fylgjast með því hvað andi á vinnustað getur breyst við bætta aðstöðu. Kennarar mæta með bros á vör í vinnu eftir að aðstaðan var endurbætt. Allur vinnuandi er mun betri.

MÓTUN HÚSNÆÐISSTEFNU

Ég kalla eftir því að mótun húsnæðisstefnu skólahljómsveita fari í gang á þessu ári. Aðstaða skólahljómsveita í Reykjavík er afar misjöfn. Vel hefur þótt takast til í Grafarvogi og oft horfa aðrir stjórnendur þangað.

KENNSLUHÆTTIR

HLJÓÐFÆRAKENNSLA

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts fá nemendur 50 mínútur í einkakennslu á viku meðan þeir eru í A-sveit, en nemendur í B- og C-sveit fá 60 mínútur. Nemendur eru venjulega í A-sveit fyrstu tvö árin. Í einkakennslu er kennt skv. námskrá tónlistarskóla og taka nemendur ýmist árspróf á vorin eða áfangapróf á vegum prófanefndar tónlistarskólanna. Nemendur taka venjulega grunnpróf á vegum prófanefndar í lok 7. Bekkjar og færast upp í C-sveit þegar þeir hefja nám í 8. bekk. Það lítur út fyrir að um 20 nemendur komi til með að þreyta grunnpróf nú í vor og færast upp í C-sveit næsta haust. Aldrei hefur svo mikill fjöldi þreytt grunnpróf á einum vetri í sögu SÁB.

Kennsluhættir á hljómsveitaæfingum eru bæði hefðbundnir og óhefðbundnir. Nemendur spila eftir nótum en einnig er unnið með söng og klapp. Í æfingabúðum er markmiðið að vinna einnig á skapandi hátt þar sem tíminn í æfingabúðum leyfir meira svigrúm

TÓNFRÆÐI

SÁB hóf kennslu í tónfræði haustið 2016. Tónfræðin er að taka á sig reglulega góða mynd. Hugmyndin er að nemendur hafi lokið grunnnámi í tónfræði áður en þeir koma í C-sveit. Kenndir eru tveir áfangar í tónfræði, grunnnám 1 og grunnnám 2. Nemendur úr 6. bekk eru venjulega í grunnnámi 1 og nemendur úr 7. bekk í grunnnámi 2. Þetta gerir það að verkum að allir nemendur geti tekið fullgilt grunnpróf á hljóðfærið sitt skv. námsskrá tónlistarskólanna. Rafbassakennari hljómsveitarinnar sér um tónfræðikennsluna.

FORELDRASAMSTARF

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts er mjög öflugt foreldrafélag sem er ómissandi og mjög veigamikill þáttur í starfinu. Hlutverk foreldrafélagsins er m.a. að hjálpa til við að fjármagna félagslega hluta starfsins og tónleikaferðir innanlands sem utan. Það gera þau með kaffisölu á haust- og vortónleikum, bingóum og með því að halda utan um sölu sem hver og einn nemandi getur verið með og safnað þannig pening.

FORELDRAVIÐTÖL

Öflugt samstarf við foreldra er gríðarlega mikilvægt í tónlistarkennslu. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á önn. Á haustönninni hafa verið haldin einkaviðtöl þar sem foreldrar eru boðaðir í viðtöl við hljóðfærakennarann með sínu barni. Á vorönninni er haldin

foreldravika þar sem foreldrar eru hvattir til þess að koma í heimsókn í tíma með barni sínu. Foreldrar eru ávallt velkomnir á æfingar og í einkatíma. Tónlistarnám er sjálfsnám og því mikilvægt að nemendur æfi sig heima á hljóðfærið. Þegar kemur að heimaæfingum er hvatning foreldra afar mikilvæg.

HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS

TÓNLEIKAHALD OG SPILAMENNSKUR

Tónleikahald og sýnileiki Skólahljómsveita Árbæjar og Breiðholts er mjög mikill. Í lok hverrar annar eru haldnir stórir tónleikar þar sem allar hljómsveitir koma fram. Venjan hefur verið að reyna halda aðra tónleikana í Breiðholtinu og hina í Árbænum. Þetta skólaár er nokkuð einstakt fyrir okkur þar sem við erum að halda upp á 50 ára afmæli hljómsveitarinnar. Þá hefur verið ákveðið að halda eina stóra afmælistónleika í Hörpu og aðra jólatónleika í Seljakirkju. Tónleikar hafa verið haldnir í Fella- og Hólakirkju, Seljakirkju, Árbæjarkirkju og Breiðholtskirkju. Auk vor-og hausttónleika koma hljómsveitirnar oft fram við hin ýmsu tækifæri. Það má nefna að hljómsveitin hefur verið fastagestur á jólahátíð fatlaðra sem haldin er ár hvert á Hilton hótél í desember. Hljómsveitin hefur frá upphafi tekið þátt í „Óskalögum þjóðarinnar“ sem haldin er að hausti ár hvert í Hörpu af SÍSL. Auk þess hefur hljómsveitin spilað um jól í Mjóddinni, þegar jólatréið í Árbænum er tendrað, á jólaföndri í Breiðholtsskóla, á vorhátíðum skóla í öllu hverfinu, á leikskólahátíðum og svo má lengi telja. Hljómsveitin sendir venjulega atriði á Nótuna sem haldin er að vori og er uppskeruhátíð tónlistarskóla á öllu landinu. Að auki spila allir nemendur á tónfundi a.m.k einu sinni á önn. Þar spila nemendur einir á sitt hljóðfæri oftast við undirleik kennara síns.

50 ÁRA AFMÆLI SÁB 1968-2018

Þann 4. nóvember síðastliðinn hélt SÁB upp á 50 ára afmæli sitt í Norðurljósasal Hörpu. Hljómsveitin fékk til liðs við sig tvo listamenn úr rytmíska heiminum, þá Þráinn Baldvinsson gítarleikara úr Skálmöld og Unnstein Manúel söngvara Retro Stefson. Þeir félagar unnu með öllum sveitunum eina helgi fyrir tónleikana. Markmiðið var að Unnsteinn myndi syngja eitt lag með hverri sveit og Þráinn spila eitt lag með hverri sveit. Kennarar frá hljómsveitinni þeir Elvar Bragi Kristjánsson og Sigmar Þór Matthíasson voru fengnir til þess að útsetja sitthvort lagið fyrir gestina og C-sveitina. Lögin „Kvaðning“ eftir Skálmöld og „Glow“ eftir Retro Stefson urðu fyrir valinu. Kynnir á tónleikunum var Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Tónleikarnir heppnuðust ákaflega vel og nemendur, foreldrar og aðrir gestir fóru úr troðfullum sal Norðurljósa með bros á vör.



ÆFINGABÚÐIR

Allar sveitir A-,B- og C-sveit fara í æfingabúðir einu sinni á vetri. Venjulega er farið í æfingabúðir í janúar-mars til þess að æfa fyrir vortónleika sem venjulega eru haldnir í mars. Æfingabúðir eru venjulega mikið tilhlökkunarefni hjá nemendum hljómsveitarinnar. Þá er farið út á land og gistið í eina til tvær nætur oft í heimavistaskólum úti á landi. Við höfum notið við aðstöður í Þykkvabæ, Laugalandi í Holtum, Hlíðardalasskóla, grunnskólanum í Þorlákshöfn og Varmalandi í Borgarfirði.

Myndir úr æfingabúðum c-sveitar í Varmaland í Borgarnesi 2018





UTANLANDSFERÐIR

Elsta sveit SÁB reynir að fara í heimsókn út fyrir landsteinana annað hvert ár. Sumarið 2016 tóku þau þátt í tónlistarhátíð í Callella á Spáni. Í júní síðastliðinn fóru þau til Gautaborgar þar sem þau tóku þátt í tónlistarhátíð þar í borg. Hátíðin var margskipt og var m.a. hægt að taka þátt í hljómsveitakeppni. SÁB gerði sér lítið fyrir og landaði 2. sæti í keppninni og kom heim með bikar fyrir vikið. Börnin safna sér venjulega fyrir ferðinni með sölu á ýmsum varningi sem foreldrafélagið skipuleggur. Auk þess nýta þau ágóða úr spilamenskum til þess að styrkja slíkar ferðir.



BIÐLISTI

Það eru um 50 börn á biðlista eftir plássi hjá Skólahljómveit Árbæjar og Breiðholts. Sá listi samanstendur af börnum úr öllum skólum hverfisins. Óskandi væri að öll börn sem vildu læra í SÁB kæmust að. Námið er aðgengilegt, ódýrt og mjög félagslega uppbyggjandi þar sem félagsfærni þátturinn í starfi skólahljómsveita er mjög mikill.

SKÓLADAGATAL

SÁB starfar í 35 vikur á ári. Starfið hefst í lok ágúst og lýkur í lok maí. Starfsdagar eru 8 á skólaárinu. Fjórir áður en kennsla hefst og fjórir eftir kennslu. Nú í vetur eru 3 starfsdagar í byrjun vetrar og einn sameiginlegur starfsdagur á öskudegi. Sjá skóladagatal hér að neðan.

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts 2018 - 2019

Nafn skóla: **SÁB**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ
1 M	1 L	2 S	3 M	4 T	5 F	6 S	7 M	8 T	9 F	10 S
2 F	3 M	4 T	5 F	6 S	7 M	8 T	9 F	10 S	11 M	12 T
3 F	4 T	5 F	6 S	7 M	8 T	9 F	10 S	11 M	12 T	13 F
4 L	5 F	6 S	7 M	8 T	9 F	10 S	11 M	12 T	13 F	14 S
5 S	6 M	7 T	8 F	9 S	10 M	11 T	12 F	13 S	14 M	15 T
6 M	7 T	8 F	9 S	10 M	11 T	12 F	13 S	14 M	15 T	16 F
7 D	8 T	9 F	10 S	11 M	12 T	13 F	14 S	15 M	16 T	17 F
8 M	9 T	10 F	11 S	12 M	13 T	14 F	15 S	16 M	17 T	18 F
9 F	10 T	11 F	12 S	13 M	14 T	15 F	16 S	17 M	18 T	19 F
10 F	11 T	12 F	13 S	14 M	15 T	16 F	17 S	18 M	19 T	20 F
11 L	12 D	13 F	14 S	15 M	16 T	17 F	18 S	19 M	20 T	21 F
12 S	13 M	14 T	15 F	16 S	17 M	18 T	19 F	20 S	21 M	22 T
13 M	14 T	15 F	16 S	17 M	18 T	19 F	20 S	21 M	22 T	23 F
14 D	15 F	16 S	17 M	18 T	19 F	20 S	21 M	22 T	23 F	24 S
15 M	16 T	17 F	18 S	19 M	20 T	21 F	22 S	23 M	24 T	25 F
16 F	17 T	18 F	19 S	20 M	21 T	22 F	23 S	24 M	25 T	26 F
17 F	18 T	19 F	20 S	21 M	22 T	23 F	24 S	25 M	26 T	27 F
18 L	19 D	20 F	21 S	22 M	23 T	24 F	25 S	26 M	27 T	28 F
19 S	20 M	21 T	22 F	23 S	24 M	25 T	26 F	27 S	28 M	29 T
20 M	21 T	22 F	23 S	24 M	25 T	26 F	27 S	28 M	29 T	30 F
21 D	22 F	23 S	24 M	25 T	26 F	27 S	28 M	29 T	30 F	31 S
22 M	23 T	24 F	25 S	26 M	27 T	28 F	29 S	30 M	31 T	
23 F	24 T	25 F	26 S	27 M	28 T	29 F	30 S	31 M		
24 F	25 T	26 F	27 S	28 M	29 T	30 F	31 S			
25 L	26 D	27 F	28 S	29 M	30 T	31 F				
26 S	27 M	28 T	29 F	30 S	31 M					
27 M	28 T	29 F	30 S	31 M						
28 D	29 F	30 S	31 M							
29 M	30 T									
30 F										
31 F										

ÁHERSLUR Í STARFSÁÆTLUN SFS SEM SKÓLAHLJÓMSVEITIN VINNUR AÐ

Áhersla verður áfram á að tilboð skólahljómsveitarinnar standi öllum til boða. Lögð er áhersla á að kynna tilboðið vel með skólaheimsóknum. Allir eru velkomnir og allir geta verið í náminu á sínum forsendum. Hlutverk skólahljómsveitarinnar er að veita börnum Starfsáætlun Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts 2018-2019

og ungmennum bestu mögulegu tónlistarmenntun í samvinnu við grunnskóla og frístundastarf, fjölskyldur og nærsamfélag.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leggur sig fram við að vera framsækin, sýnileg, lifandi og nýjungagjörn stofnun sem laðar að sér mjög hæfa starfsmenn og nýja nemendur.

ANNAÐ

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts gengur stundum undir nafninu „dansandi hljómsveitin“, en C-sveitin er þekkt fyrir að tefla fram atriði á Nótunni þar sem þau spila og stíga spor við. Árið 2013 léku þau „Get Lucky“ sem aðalstjórnandi sveitarinnar útsetti fyrir þau. Lagið vakti svo mikla lukku að það var óskað eftir því að það tæki þátt í „Ísland got talent“. Árið eftir léku þau „Boðskap Lúkasar“ á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem þau vöktu mikla lukku. Vorið 2015 léku þau „Arabian dances“ á Nótunni sem þau höfðu lært utanbókar að og samið spor við. Haustið 2018 léku þau lagið „Shape Of You“ eftir Ed Sheeran sem þau stigu spor við. Atriðið endurtóku þau í hljómsveitakeppninni í Gautaborg við mjög góðar undirtektir nærstaddra.

MAT Á NÁMSÁRANGRI

Allir nemendur þreyta próf á vorin. Venjan er að nemendur taki svokölluð árspróf sem eru próf innan skólans skv. námskrá sem gerð er af kennurum og stjórnanda SÁB. Eftir nám í 3-4 ár tekur nemandi grunnpróf skv. námskrá tónlistarskólanna. Þá kemur dómari frá prófanefnd tónlistarskólanna og dæmir prófin. Það lítur út fyrir að hátt í 20 slík próf verði þreytt nú í vetur. Nemendur skólahljómsveitarinnar hafa komið mjög vel út á áfangaprófum. Til gamans má geta þess að nemandi þreytti grunnpróf á saxófón haustið 2017 með einkunnina 9.8 sem þykir framúrskarandi.

ENDURMENNTUN

Stefna skólahljómsveitarinnar er að stuðla að stöðugri endurmenntun starfsmanna sinna. Á starfsdögum að hausti er haldinn sameiginlegur starfsdagur kennara skólahljómsveita Reykjavíkurborgar sem stjórnendur hljómsveitanna skipuleggja. Þar er venjan að bjóða upp á námskeið í tölvunotkun, spuna, kennslu barna með sérþarfir, skyndihjálp og annað gagnlegt. Í maí 2018 fór kennarar skólahljómsveita Reykjavíkurborgar í samstarfi við skólahljómsveit Kópavogs í námsferð til Ungverjalands. Þar var Budapest sótt heim og farið var í heimsókn í þrjá skóla sem bjóða upp á Kodaly kennslu. Auk þess var farið á tónleika og borgin skoðuð með áherslu á menningu þjóðarinnar. Ferðin þótti takast afar vel. Kennarar og stjórnendur komu endurnærðir heim með fullt af nýjum hugmyndum. Stefnt er að því að endurtaka þetta síðar.

LOKAORÐ

Það er heiður að starfa sem stjórnandi skólahljómsveitar í Reykjavík. Starfið hefur þróast á mjög jákvæðan hátt undanfarin ár. Hljómsveitirnar fjórar vinna mikið saman og stjórnendurnir fjórir sækja reglulega aðstoð til hvers annars. Þeir deila nótum og lána hljóðfæri sín á milli ef þörf er á. Kennarar hljómsveitanna hittast reglulega á starfsdögum og jólahlaðborðum. Þeir eru búnir að stofna hópa þar sem farið er í heitu pottana, út og að borða og fleira skemmtilegt sem þjappar hópnum saman. Sú hugmynd að nemendur komi saman úr mörgum skólum er afar falleg. Þetta gerir það að verkum að barn sem er undir í sínum skóla finnur ekki fyrir einelti í skólahljómsveit því þar eru allir að vinna að sameiginlegu markmiði, að skapa tónlist.

Reykjavík 7. nóvember 2018

Snorri Heimisson

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts 2018 - 2019

Nafn skóla: **SÁB**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ
1	M	1 L	1 M	1 F	1 L Tónfundur 6	1 Þ Nýársdagur	1 F	1 F	1 M	1 M Verkalýðsdagurinn
2	F	2 S	2 Þ	2 F Tónfundur 2	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ Tónfundur 13	2 F
3	F	3 M Æfingar hefjast	3 M	3 L Tónfundur 3	3 M	3 F Kennsla hefst	3 S	3 S	3 M	3 F
4	L	4 Þ	4 F	4 S 50 ára Afmælistónleikar í Hö	4 Þ	4 F	4 M	4 M Bolludagur	4 F	4 L
5	S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F Tónfundur 14	5 S
6	M	6 F Fridagur verslunarmanna	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M Öskudagur-starfsd.5	6 L Nótan-Hof	6 M
7	Þ	7 F	7 S	7 M	7 F Kennarafundur kl. 08.30	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ
8	M	8 L	8 M	8 F	8 L Jólatónleikar	8 Þ	8 F	8 F Æfingabúðir C-sveit	8 M Prófavika	8 M
9	F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L Æfingabúðir C-sveit	9 Þ Prófavika	9 F
10	F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S Æfingabúðir C-sveit	10 M Prófavika	10 F
11	L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ Tónfundur 7	11 F	11 M	11 M	11 F Prófavika	11 L Kammermúsík tónleikar
12	S	12 M	12 F kennarafundur kl. 08.30	12 M	12 M	12 L	12 Þ Tónfundur 10	12 Þ	12 F Prófavika	12 S
13	M	13 F	13 L Landsmót C sveit	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M
14	Þ	14 F	14 S Landsmót C sveit	14 M	14 F Tónfundur 8	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmásunnudagur	14 Þ
15	M	15 L	15 M Foreldravíka	15 F	15 L Tónfundur 9	15 Þ	15 F	15 F Tónfundur 11	15 M Páskafri	15 M
16	F	16 S	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L Æfingabúðir B-sveit	16 Þ Páskafri	16 F
17	F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S Æfingabúðir B-sveit	17 M Páskafri	17 F
18	L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F Skirdagur	18 L
19	S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S
20	M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M
21	Þ	21 F Starfsdagur 1	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S Páskadagur	21 Þ
22	M	22 L Starfsdagur 2 saneiginlegur	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F Kennarafundur kl. 08.30	22 M Annar í páskum	22 M
23	F	23 S Starfsdagur 3	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L Æfingabúðir A-sveit	23 Þ Kennsla hefst	23 F
24	F	24 M Starfsdagur 4 skólaþing	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S Æfingabúðir A-sveit	24 M	24 F Síðasti kennsludagur
25	L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jóladaur	25 F	25 M	25 M Vetrarfri	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L Skólahljómsveitadagurinn
26	S	26 M	26 F Foreldravíðtöl	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ	26 Þ Vetrarfri	26 F	26 S
27	M	27 F Kennsla hefst	27 F Foreldravíðtöl	27 L Æfingahelgi	27 Þ Tónfundur 4	27 F	27 S	27 M	27 L	27 M Starfsd.6
28	Þ	28 F	28 F Foreldravíðtöl	28 S Æfingahelgi	28 M	28 F	28 M	28 F	28 S	28 Þ Starfsd.7
29	M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F Kennarafundur kl. 08.30	29 M	29 M Starfsd.8-skólaslit
30	F	30 S	30 Þ	30 F Tónfundur 1	30 F Tónfundur 5	30 S	30 M	30 L Vortónleikar	30 Þ	30 F Uppstigningardagur
31	F		31 M		31 M Gamliársdagur	31 F		31 S		31 F